

Borgarráð 18.7.'19: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands varðandi eingreiðslu - R19070165

Á fundi borgarráðs þann 18. júlí 2019 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands varðandi eingreiðslu:

Það er gott að sjá að Reykjavíkurborg muni greiða starfsfólki sínu eingreiðslu 1. ágúst vegna frestunar á kjarasamningsviðræðum en Samband íslenskra sveitarfélaga (SÍS) hefur lagst gegn því að starfsfólk annarra sveitastjórna sem eru félagar Starfsgreinasambandsins fái slíka greiðslu og vísar til þess að viðræður séu komnar til ríkissáttasemjara og viðræðuáætlun fallin úr gildi. Slíkt á ekki við um Reykjavíkurborg þar sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ekki umboð í kjarasamningaviðræðum fyrir Reykjavíkurborg. Hver er ástæða þess að SÍS hefur umboð fyrir öll sveitarfélögin en ekki Reykjavíkurborg. Er þetta nýlegt eða hefur þetta lengi verið svona? Hefur SÍS umboð frá Reykjavíkurborg í einhverjum tilfellum, þ.e.a.s. umboð til kjarasamningsgerðar sem takmarkast við ákveðin störf innan Reykjavíkurborgar? Hvaða störf eru það?

Svar:

Það er löng hefð fyrir því að Reykjavíkurborg fari með samningsumboð gagnvart þeim stéttarfélögum þar sem félagsmenn þeirra starfa hjá Reykjavíkurborg. Á því er þó undantekning sem snýr að kjarasamningum kennara en þegar grunnskólar fluttust frá ríki til sveitarfélaga var tekin sú ákvörðun að sveitarfélögin myndu koma fram sem einn samningsaðili að minnsta kosti til loka árs 1999. Þá fer Samband íslenskra sveitarfélaga einnig með samningsumboð gagnvart Félagi íslenskra hljómlistarmanna sem og Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Lóa Birna Birgisdóttir,

sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs